**402. fundur fræðslunefndar**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. mars 2019 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**
Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Magnús Einar Magnússon aðalmaður og Steinunn Guðný Einarsdóttir varamaður.

**Embættismenn:**
Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Margrét Halldórsdóttir, Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundinn sat einnig Sveinfríður Olga Veturliðadóttir skólastjóri GÍ.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064**

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

*Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.*

**2. Skóladagatöl 2019-2020 - 2019030033**

Lögð fram skóladagatöl frá grunnskólanum á Ísafirði og grunnskólanum á Suðureyri fyrir skólaárið 2019-2020

*Fræðslunefnd samþykkir skóladagatölin.*

**3. Grunnskóli Ísafjarðar - rannsókn á myglusveppum - 2019030008**

Kynnt vinnuskjal sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, Margrétar Halldórsdóttur, dags. 8. mars sl., þar sem farið er yfir fyrstu viðbrögð og aðgerðir þegar upp kom mygla í Grunnskólanum á Ísafirði.

*Kynntar voru aðgerðir og staða mála. Nefndin þakkar vönduð og fumlaus vinnubrögð.*

**4. stefnumótun í málefnum barna og endurskoðun á félagslegri umgjörð þeirra og þjónustu - 2019030032**

Lagt fram kynningarbréf frá Ásmundi Einari Daðasyni félags- og barnamálaráðherra um stefnumótun í málefnum barna og endurskoðun á félagslegri umgjörð þeirra og þjónustu.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Endurskoðun á skólastefnu Ísafjarðarbæjar - 2016100048**

Kynntar niðurstöður frá nemendaþingi sem haldið var í Ísafjarðarbæ 10. janúar 2019.

*Farið yfir niðurstöður nemendaþings og sviðsstjóra falið að vinna áfram í samræmi við umræður á fundinum.*

**6. Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla skólaárið 2018-2019 - 2018090057**

Lögð fram starfsáætlun leikskólans Laufáss á Þingeyri, fyrir skólaárið 2018-2019

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00**

| | |
|---|---|
| Kristján Þór Kristjánsson | Jónas Þór Birgisson |
| Magnús Einar Magnússon | Steinunn Guðný Einarsdóttir |
| Margrét Halldórsdóttir | |